

Minnisblað

Til:
Frá: Axel Rodriguez Överby
Dags. 24. ágúst 2018
Mnr. 2017080006



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað II

Artic Sea Farm hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um 10.000 tonna laxeldi í Dýrafirði, þ.e. framleiðsluaukning um 5800 tonn.

Skv. 10. Gr. laga 106/2000 óskar Skipulagsstofnun eftir að Ísafjarðarbær gefi umsögn um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Umsagnaraðilar gefa álit sitt í samræmi við 24. gr. Reglugerðar nr. 660/20105

■ 10. gr. Laga nr. 106/2000 [Athugun Skipulagsstofnunar og matsskýrsla.]¹⁾

- [Innan tveggja vikna frá því að Skipulagsstofnun tekur á mótí frummatsskýrslu skal stofnunin meta hvort skýrslan uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í 9. gr. og sé í samræmi við matsáætlun skv. 8. gr. Heimilt er Skipulagsstofnun að hafna því að taka frummatsskýrslu til athugunar í þeim tilvikum þegar hún uppfyllir ekki framangreind skilyrði. Skipulagsstofnun skal þá leiðbeina framkvæmdaraðila um frekari vinnslu frummatsskýrslu.]¹⁾
- Skipulagsstofnun kynnir hina fyrirhuguðu framkvæmd og [frummatsskýrslu].¹⁾ Skal það gert með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, dagblaði sem gefið er út á landsvísu og eftir því sem við á í fjölmiðli sem ætla má að nái til þeirra sem búa nærri framkvæmdasvæði.
- Framkvæmdaraðili skal kynna framkvæmd og [frummatsskýrslu]¹⁾ í samráði við Skipulagsstofnun eftir að skýrslan hefur verið auglýst. Skipulagsstofnun getur vikið frá þeirri kröfu ef sýnt þykir að framkvæmd og [frummatsskýrsla]¹⁾ hafi hlotið fullnægjandi kynningu.
- [Frummatsskýrslan]¹⁾ skal liggja frammi á aðgengilegum stað nærri framkvæmdasvæði og hjá Skipulagsstofnun í sex vikur sem jafnframt er sá frestur sem gefst til að koma skriflegum athugasemdum á framfæri við Skipulagsstofnun. Öllum er heimilt að gera athugasemdir við framlagða [frummatsskýrslu].¹⁾
- Skipulagsstofnun skal leita umsagnar leyfisveitenda og annarra aðila eftir því sem við á. Umsagnaraðilar skulu gefa álit á því hvort fjallað sé á fullnægjandi hátt í [frummatsskýrslu]¹⁾ um það sem er á starfssviði þeirra og jafnframt hvort fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir séu fullnægjandi. Þeir skulu, ef tilefni er til, tilgreina hvað þarf að kanna frekar og benda á mögulegar mótvægisáðgerðir.
- [Skipulagsstofnun skal senda framkvæmdaraðila umsagnir og athugasemdir sem henni berast. Þegar umsagnir og athugasemdir hafa borist framkvæmdaraðila skal hann vinna endanlega matsskýrslu á grundvelli frummatsskýrslu. Í matsskýrslu skal framkvæmdaraðili gera grein fyrir framkomnum athugasemdum og umsögnum og taka afstöðu til þeirra og senda hana síðan til Skipulagsstofnunar.]¹⁾

24. gr.

Umsagnir og sérfræðiálit.

Skipulagsstofnun skal leita umsagnar leyfisveitenda og annarra aðila eftir því sem við á. Umsagnaraðilar skulu fjalla um hvort á fullnægjandi hátt sé gerð grein fyrir eftirtöldum atriðum sem eru á starfssviði þeirra, í frummatsskýrslu, eftir því sem við á:

- a. fyrirhugaða framkvæmd,
- b. umhverfi,
- c. umhverfisáhrif,
- d. mótvægisáðgerðir,
- e. vöktun,

f. þörf á að kanna tiltekin atriði frekar.

Skipulagsstofnun skal veita umsagnaraðilum a.m.k. þriggja vikna frest til að gefa umsögn um frummatsskýrslu.

Komi umsagnaraðili fram með ný atriði sem ekki hafa komið fram í umfjöllun hans á fyrri stigum ber honum að gera sérstaklega grein fyrir því og ástæðu þess að það hafi ekki komið fram fyrir.

Skipulagsstofnun er heimilt að leita álits sérfræðinga á ákveðnum þáttum frummatsskýrslu og fram komnum gögnum að höfðu samráði við framkvæmdaraðila, sbr. 18. gr. Leiti stofnunarinnar sérfræðiálits skal í áliti stofnunarinnar tilgreina ástæður þess.

25. gr.

Frummatsskýrsla

Framkvæmdaraðili metur umhverfisáhrif framkvæmdar í samræmi við matsáætlun og setur niðurstöður matsins fram í frummatsskýrslu.

Þegar framkvæmdaraðili hefur lokið við gerð frummatsskýrslu, leggur hann hana fram til Skipulagsstofnunar. Þegar stofnunin hefur gengið úr skugga um að frummatsskýrslan sé í samræmi við matsáætlun um framkvæmdina og ákvæði laga og reglugerðar, kynnir hún frummatsskýrsluna á vef stofnunarinnar og með auglýsingu í fjölmiðlum og leitar umsagna umsagnaraðila. Almenningsgefist þá kostur á að kynna sér framkvæmdina og umhverfismat hennar og koma á framfæri athugasemdum við umhverfismatið.

Tillaga að bókun

Með vísan í 24. gr. Reglugerðar 660/2015 og II. mgr. 9. gr. Laga 106/2000 telur Skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar, að fullnægjandi sé gert grein fyrir framkvæmd í frummatsskýrslu Artic Sea Farm, dags. 28. Júní sl., nefndin tekur jákvætt í áform Arctic Sea Farm, um aukna framleiðslu á laxfiski í Dýrafirði úr 4200 tonnnum í 10.000 tonn á ári.

Samkvæmt mati Hafrannsóknarstofnunar er Dýrafjörður talinn þola eldi á allt að 10 þúsund tonnnum og er súrefnisbúskapur fjarðarins jafnvel talinn þola allt að 40% meira eldi en það. Áhrif uppsöfnunar næringarefna frá eldinu eru talin hafa mjög takmörkuð áhrif á botndýralíf á svæðinu, en með umhverfisvöktun er ætlun framkvæmdaraðila að fylgjast með mögulegum áhrifum á það og verða kvíþyrpingar færðar til ef talið verður tilefni til. Í Dýrafirði og í nágrenni hans eru engar laxveiðiar og er því samkvæmt áhættumati Hafró engin áhætta fyrir villta laxfiskstofna af hugsanlegum strokufiski frá eldinu.